



Fjölbreytileikaskóli Suðurlands

Dýr og náttúra

NÁTT1XD02- val

Námsáætlun – vorönn 2026

Kennari áfangans:

Ragnhildur Þorsteinsdóttir (RAP)

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á að auka skilning og áhuga nemenda á dýrum í náttúrunni. Að nemendur fái tækifæri til að kynnast ýmsum dýrategundum bæði hér á landi og í heiminum. Að styrkja orðaforða þeirra og þekkingu á samspili manna og dýra. Fjallað verður m.a. um gæludýr, villt dýr hérlandis og erlendis ásamt áhugaverðum dýrum í náttúrunni.

Markmið áfangans:

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- fjölbreytileika íslenskrar dýra og náttúru.
- náttúrufræðilegum hugtökum.
- ólíkum dýrategundum.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í umræðum um dýr í íslenskri náttúru.
- átta sig á tengslum manna og dýra.
- afla upplýsinga um dýr og segja frá.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir því að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana og þeim dýrum sem lifa í henni.
- umgangast dýr af ábyrgð og virðingu.
- vera meðvitaður um ólík dýr eftir heimshlutum.

Kennslubækur og kennslugögn:

Engin eiginleg kennslubók er í áfanganum en kennarinn leitar víða fanga s.s. af ýmsum viðurkenndum netsíðum til að útbúa kennsluefnið sem unnið verður með. Ýmsir dýralífsþættir eru notaðir til að dýpka skilning nemenda.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1.- 4.	6.- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar. -Kynning á áfanga. -Gæludýr -Villt spendýr	Verkefni 1
5. - 8.	2.-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. Febrúar. Starfspróunardagur í FÁ 27.febrúar. -Áframhald Villt spendýr	Verkefni 2
9. - 12.	1.-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars. -Hættulegustu dýr í heimi.	Verkefni 3
13 - 16	7.- 30. apríl	-Áhugaverð dýr	Verkefni 4
17 - 19	4.- 24. maí	-Áframhald áhugaverð dýr. Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. Maí.	Verkefni 5

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu. og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og ekki er krafist heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi sem þýðir að ekki er lokapróf.

Mikið er lagt upp úr virkni í tímum. Virkni og verkefnavinna eru metin til einkunnar.

Góð mæting og stundvísi, vinnusemi og vandvirkni eru forsendur þess að góður árangur náist.

Símanotkun tengd náminu er leyfileg í samráði við kennara. Ef nemandi er í símanum án samráðs við kennara má kennari skrá F hjá viðkomandi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefnavinna	Verkefni nemenda	50%
Mæting og virkni	Þátttaka í umræðum, virkni í tímum og mæting.	50%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

F.Su, janúar 2026

Ragnhildur Þorsteinsdóttir

